Alþingi
Erindi nr. Þ /130/793
komudagur 20.1.2004

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Alþingi -Heilbrigðis- og tryggingaefnd
Eva Margrét Ævarsdóttir, nefndarritari
150 Reykjavík

Reykjavík, 15.01.2004
Tilv. 40.13
MP/gg

Umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar og félagslega aðstoð o.fl., 341. mál

Vísað er til bréfs yðar frá 15. f.m. um ofangreint efni.
Landspítali - háskólasjúkrahús hefur kynnt sér efni frumvarpsins og er f.h. LSH lýst yfir stuðningi við þær breytingatillögur sem fram koma í frumvarpinu.
Í athugasemdum við frumvarpið er þess getið að markmiðið sé m.a. að færa ýmis atriði í rekstri TR til samræmis við nútíma stjórnsýsluhætti, sbr. umfjöllun heilbrigðis- og tryggingaefndar í nefndaráliti á 127. löggjafarþingi um frumvarp það sem varð að lögum nr. 74/2002.
Lúta breytingatillögurnar nú að breytingum á starfsháttum tryggingaráðs, gerð tillaga um breytingu á ákvæðum laga um deilda- og verkaskiptingu TR. Þá er gerð tillaga um að "siglinganefnd" verði lögð niður.
Eins og að framan segir er LSH samþykkt fyrirliggjandi tillögum til breytinga á lögunum og fagnar sérstaklega nýmæli því sem kveðið er á um í 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins um heimild TR að sérfræðilæknar sem starfa erlendis, geti veitt sjúklingum meðferð hérlendis, eins og dæmi er um á sl. ári. Varðandi niðurlagningu "siglinganefndar" gerir LSH engar athugasemdir við þau áform, en lögð er rík áhersla á samvinnu TR og LSH í þessum efnum sem kveðið verði nánar á um í reglugerð sem heimilt verður að setja sbr. niðurlagsákvæði 16. gr. frumvarpsins.

Niðurstaða:
Með vísan til framanritaðs mælir LSH með því að 341. mál, frumvarp til laga um almannatryggingar og félagslega aðstoð, tryggingaráð, skipulag TR o.fl., verði samþykkt.

Virðingarfyllst

Magnús Pétursson, forstjóri

Afrit: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

SKRIFSTOFA YFIRSTJÓRNAR · Eiríksgötu 5 · 101 Reykjavík

Sími 543 1100 · Fax 543 1112 · www.landspitali.is